

## 2. gr.

Með þau mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. febrúar 1978.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur .....	411.73
Blokkfrystur hörpudiskur .....	383.32

Verðbil verður 10%, miðað við verðlækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1978.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

**Vélskelflett rækja:**

	Ísl. kr. á kg	Cif.
Blokkfryst .....	1 371.85	
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst .....	1 371.85	
5×2 kg. og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst .....	1 444.70	
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	1 600.15	
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	1 672.95	

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1978.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

25. janúar 1978.

Nr. 92.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 29 23. janúar 1975.

Grein 1.2 hljóði svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,4% af fasteignamati húss og lóðar. Lágmarks upphæð árlegs vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal þó aldrei vera lægri en kr. 9 100.00.

Aldrei skal reikna vatnsskatt af húsi það ár er bygging þess hefst. Hafi hús verið tengt vatnsveitunni en ekki verið virt fasteignamati skal reikna lágmarks vatnsskatt.

Grein 2.2 hljóði svo:

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 18.20 per rúmmetra vatns.

Grein 2.3 hljóði svo:

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilda vatnsmæla og er árleiga fyrir hvern mæli kr. 8 500.00.

Grein 3.2 hljóði svo:

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki. Gjöld samkvæmt þessari reglugerð önnur en vatnsskattur skulu breytast í samræmi við breytingar er verða á vísitölu byggingarkostnaðar frá því sem hún er 1. nóvember 1974 (1455 stig), þó ekki yfir 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*